

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **08.05.2017**
Málsnúmer: **FJR17010126**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld (samsköttun félaga, takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, leigutekjur, virðisaukaskattur, vörugjald af grindarbilum o.fl.).

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið tekið saman eftirfarandi svör við athugasemdum umsagnaraðila við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld (þskj. 515 - 385. mál). Nefndinni hafa borist sex umsagnir vegna frumvarpsins, þ.e. frá Félagi atvinnurekenda, KPMG ehf., Júlíusi Georgssyni, ríkisskattstjóra, Seðlabankanum og Úrvinnslusjóði. Í minnisblaði þessu er að finna umfjöllun um athugasemdir umsagnaraðila sem ráðuneytið telur rétt að bregðast við ásamt tillögum að breytingum sem lagðar eru til við frumvarpið.

1. Samsköttun félaga.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 55. gr. tekjuskattslaganna um samsköttun félaga. Breytingar í 1.–3. mgr. eru tilkomnar vegna álits ESA, dags. 7. apríl 2016, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að íslenskar reglur um samsköttun félaga brytu í bága við EES-samninginn, nánar tiltekið 31. og 40. gr. hans um staðfesturétt og frjálst flæði fjármagns. Brotið felst í því að hérland félög með ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. og 2. tekjuskattslaganna er heimilt að óska eftir samsköttun með innlendum félögum en ekki með félögum eða föstum starfsstöðvum með heimilisfesti innan EES. Að mati ráðuneytisins þarf að bregðast við þessu álit eins fljótt og auðið er. Í 4 mgr. er lögð til almenn breyting á samsköttunarákvæðinu sem eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er ætlað að einfalda regluverk við skattframkvæmd og –eftirlit vegna framangreindrar breytingar. Í ljós hefur hins vegar komið að sú breytingatillaga gengur lengra en til stóð. Í ljósi þess óskar ráðuneytið eftir því við nefndina að 3. gr. verði felld brott í heild sinni. Þar sem gert er ráð fyrir því að ákvæðið öðlist gildi 1. janúar 2018 ætti brotthvarf þess ekki að koma að sök enda verði það lagt fram að nýju á haustþingi 2017 eftir ítarlegri skoðun ráðuneytisins í samráði við ríkisskattstjóra.

2. Útleiga íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis og annars húsnæðis.

Í umsögn KPMG koma fram tillögur að nokkrum breytingum á 5. og 7. gr. frumvarpsins sem snúa að útleigu húsnæðis. Fyrst ber að nefna að í stað þess að tekjur manna af útleigu taki mið af „varanlegri búsetu“ eins og lagt er til í frumvarpinu leggur KPMG til að miðað verði við það að tekjurnar stafi af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög. Ráðuneytið telur þessa tillögu vera til bóta og gerir ekki athugasemdir við hana. 1. másl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins yrði þá svohljóðandi: „Tekjurnar stafi af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög, enda séu hinar útleigðu sérgreindu fasteignir ekki fleiri en tvær“. Auk þess yrði til samræmis að breyta 7. gr. frumvarpsins sem myndi þá hljóða svo: „Í stað 2. og 3. másl. a-liðar 5. tölul. 70. gr. laganna koma tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Þegar um er að ræða tekjur manns af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög er heimilt að taka tillit til frádráttar skv. a-lið 1. mgr. 58. gr. a. Þó skal ekki leggja tekjuskatt á 50% af tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög.“

Í annan stað leggur KPMG til að ekki verði miðað við fjölda eigna eins og gert er í frumvarpinu þar

sem gert er að skilyrði að eignirnar séu ekki fleiri en tvær í tilviki tekna sem stafa af útleigu íbúðarhúsnæðis, sbr. a-lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. KPMG telur betra til marks um umfang að miða annað hvort við stofnverð útleigðra eigna eins og gert er í núgildandi ákvæði 3. másl. 2. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga eða við stærð útleigðra eigna líkt og gert er í gildandi ákvæði 1. mgr. 17. gr. þeirra laga varðandi skattalega meðhöndlun hagnaðar af sölu íbúðarhúsnæðis. Að því virtu telur KPMG að umrætt skilyrði gæti tekið mið af því að samanlögð stærð útleigðs húsnæðis sé ekki umfram 400 m³ eða t.d. 160 m² í stað þess að miða við að fasteignirnar séu ekki fleiri en tvær. Ráðuneytið telur að það að miða við tvær fasteignir (íbúðir) sé bæði einfalt og skiljanlegt í framkvæmd og í samræmi við þá meginhugsun tillagnanna hvað ekki teljist vera atvinnurekstur. Hins vegar getur ráðuneytið að vissu leyti tekið undir það að sé miðað við hámarksfermetratölu eins og KGMP leggur til þá skapist minni líkur á einhvers konar skattasniðgöngu. Þar kynnu þó að koma upp ákvæðin jaðartilvik eins og að einn maður gæti verið með tvær eignir eða fleiri undir 160 m² í útleigu og þannig fallið undir a-lið 1. mgr. 5. gr. á meðan annar maður væri með 161 m² fasteign í útleigu sem teldist þá til atvinnureksturs. Mögulega mætti tvínna saman þessi tvö skilyrði, þ.e. fjölda íbúða og fermetraviðmið.

Í þriðja lagi leggur KPMG til að 2. og 3. másl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði umorðaðir. Um er að ræða ákvæði sem kveður á um heimild til svokallaðrar leigu á móti leigu. Annars vegar er lagt til, í samræmi við fyrstu tillögu KPMG, að tekið verði mið af húsaleigulögum við skilgreiningu á íbúðarhúsnæði og hins vegar að tekið verði upp annað orðalag þar sem m.a. verði miðað við að um sé að ræða tímabundnar aðstæður. Ráðuneytið fellst á fyrri tillöguna, þ.e. breytingu á 2. másl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, sem er í samræmi við það sem áður hefur verið fjallað um. Síðari tillöguna, þ.e. breytingu á 3. másl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, fellst ráðuneytið ekki á og telur rétt að hún haldist óbreytt, sbr. einnig umsögn ríkisskattstjóra. 2. másl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins yrdi þá svohljóðandi: „*Frá tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis, sem fellur undir húsaleigulög, er heimilt að draga leigugjald sem hann greiðir af íbúðarhúsnæði til eigin nota*“ . 3. másl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins helst óbreyttur.

Í fjórða lagi leggur KPMG til að við b-lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði bætt svohljóðandi málslið, er verði 3. másl. liður: „*Sú fjárhæð á við óháð því hvort viðkomandi hefur jafnframt með höndum aðra starfsemi*“ . Markmiðið sé að taka af allan hugsanlegan vafa um að skilgreind heimagisting undir 2.000.000 kr. teljist ekki fela í sér atvinnustarfsemi, og það eins þótt seljandi hennar kunnir að hafa með höndum aðra starfsemi sem teljist vera atvinnustarfsemi. Ráðuneytið gerir þá athugasemd við þessa tillögu að óvarlegt sé að um geti verið að ræða hverskonar starfsemi, þ.m.t. ferðaþjónustu af öðru tagi eins og t.d. sölu jeppaferða, þar sem um er að ræða eina heild sem ekki er hægt að greina á milli. Eðlilegra sé að sú starfsemi sé óskyld ferðaþjónustu. Ráðuneytið gerir því ekki athugasemdir við tillögu KPMG að öðru leyti en því að skotið verði inn orðinu „óskylda“ á undan orðinu starfsemi.

Að lokum gerir KPMG athugasemdir við lokamálslið b-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Þar er fjallað um að sé húsnæði í heimagistingu í útleigu tveggja eða fleiri manna skuli við afmörkun heildarfjárhæðarinnar telja tekjur þeirra allra hjá hverjum og einum. KPMG telur að skilja megi ákvæðið á mismunandi hátt og gerir það að tillögu sinni að ákvæðið verði fellt brott. Ráðuneytið getur ekki fallist á þá tillögu. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er alveg ljóst að við afmörkun á fjárhæðarmörkunum ber að telja heildartekjur vegna útleigu á húsnæðinu ef húsnæðið er í útleigu tveggja eða fleiri manna og heildarleigutekjur nema hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. hjá þeim mönnum sem fengið hafa leyfi til heimagistingar vegna húsnæðisins á tekjuárinu. Hér er átt við að eigendur ákveðins húsnæðis eða þeir menn sem skráð hafa húseign hjá sýslumanni vegna heimagistingar, m.a. út frá lögheimilisskráningu, geti ekki komist hjá því að telja útleigu til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi með skiptingu útleigu húsnæðis á milli tveggja eða fleiri manna á tekjuárinu. Þannig er sá skilningur KPMG réttur að ef tveir menn eiga sumarbústað saman og samanlagðar tekjur þeirra af seldri gistingu í sumarbústaðnum eru umfram 2.000.000 kr. þá eigi undantekningin ekki við, enda þótt tekjur hvors þeirra um sig séu undir 2.000.000 kr. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald („Heimaging“), er einum einstaklingi

heimilt að vera með skráða heimagistingu í hverri fasteign á hverjum tíma. Því er ekki loku fyrir það skotið að fleiri eigendur geti skipt útleigu húsnæðis, t.d. frístundahúsnæðis eins eða fleiri með sér og þannig komist hjá því að telja tekjur réttilega til atvinnurekstrartekna. Markmið málsliðarins er að koma í veg fyrir möguleikann á slíkri skattasniðgöngu. Í greinargerð með frumvarpinu má síðan finna dæmi þessu til skýringar. KPMG tekur fram í umsögn sinni að eignatekjur samskattaðs fólks yrðu skattlagðar hjá því sem hærri hefur tekjurnar hvort sem annað eða bæði væru skráðir eigendur húsnæðisins. Ráðuneytið vill taka fram að skv. 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. tekjuskattslaga skal leggja saman og telja til tekna fjármagnstekjur hjóna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Það sama ætti því að gilda hvort sem annað eða bæði eru skráðir eigendur húsnæðisins. Þá má geta þess að einstaklingar geta átt saman íbúðarhúsnæði án þess að vera samskattaðir og yrðu þá fjármagnstekjurnar skattlagðar hjá hverjum og einum þeirra fyrir sig.

3. Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda.

Varðandi tillögu í umsögn KPMG um breytingu á 57. gr. b tekjuskattslaga í 4. gr. frumvarpsins, um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, kalli að þeirra mati á aðra breytingu á ákvæðinu er vísað til framangreindrar umsagnar ráðuneytisins um samsköttun félaga.

4. Endurgreiðslur á virðisaukaskatti.

Í umsögn ríkisskattstjóra er bent á nokkur atriði í þeim greinum frumvarpsins sem fjalla um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til erlends liðsafla og borgaralegra deilda hans, þ.m.t. Atlantshafsbandalagsins o.fl.

Í a. lið bendir ríkisskattstjóri á að í niðurlagi athugasemda við 11. gr. frumvarpsins segi að ríkisskattstjóri skuli annast endurgreiðslur virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðinu. Telur ríkisskattstjóri að betur fari á því að þetta komi fram í ákvæðinu sjálfu fremur en í athugasemdum við það. Ráðuneytið telur slíkt ekki nauðsynlegt, að teknu tilliti til samræmis á núgildandi endurgreiðsluákvæði 42. gr. laganna.

Þá bendir ríkisskattstjóri á í b. lið að lesa megi það út frá orðalagi ákvæða 10., 11., 19. og 24. gr. (misritun á að vera 25. gr.) frumvarpsins að umræddir aðilar séu þegar undanþegnir virðisaukaskatti, tóbaksgjaldi og gistináttaskatti. Um er að ræða tillögu að orðalagsbreytingu til skýringar. Ráðuneytið er sammála tillögu ríkisskattstjóra og leggur fram neðangreindar tillögur til breytinga á orðalagi 10., 11., 19. og 25. gr. frumvarpsins. Seinni málsliður 10. gr. yrði þá svohljóðandi: „*Sama á við um innflutning á vörum erlends liðsafla og borgaralegra deilda hans, þ.m.t. Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar, herliðs Bandaríkjana og annara aðila sem skulu vera undanþegnir skyldu til greiðslu virðisaukaskatts samkvæmt alþjóða- eða tvíhliða samningum eða sérstökum lögum þar um.* Í stað orðsins „eru“ í seinni málslið 11., 19. og 25. gr. frumvarpsins kemur „skulu“ .

5. Leiðréttingar á viðauka XIX við lög um úrvinnslugjald.

Úrvinnslusjóður gerir athugasemdir við orðalag frumvarpsins í umfjöllun um leiðréttingar á viðauka XIX við lög um úrvinnslugjald í kafla 4.9. Í umfjölluninni kemur fram að vegna mistaka hafi nokkur tollskrárnúmer fallið niður sem gera átti grein fyrir í viðaukanum auk þess sem gjöld hafi ekki reynst vera nægilega há í nokkrum tilvikum. Hafi þetta gerst annars vegar vegna mistaka við útreikning gjalda og hins vegar misskilnings sem eigi rætur sínar að rekja til viðamikilla breytinga sem hafi orðið á tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005, um síðustu áramót vegna breytinga á tollskrá Alþjóðatollamálastofnunarinnar. Úrvinnslusjóður tekur fram að textinn sé ekki samkvæmt þeirra tillögum og sé ekki réttur. Hið rétta sé að villur hafi verið í flokkun tollskrárnúmeranna auk breytinga á tollskrá Alþjóðatollamálastofnunarinnar.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við það ef efnahags- og viðskiptanefnd telur ástæðu til að fjalla um umsögn Úrvinnslusjóðs í nefndarátliti sínu.

6. Saknæmi verknaðar við veitingu rangra eða villandi upplýsinga við innflutning eða vanrækslu upplýsingajafar.

Í frumvarpinu er lagt til að 172. gr. tollalaga verði breytt á þann veg að brot gegn þeim verknaði að veita rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru eða vanrækja að leggja fram tilskilin gögn vegna innflutnings samkvæmt ákvæðum tollalaga verði refsingu sé það framið af ásetningi eða einföldu gáleysi. Í því felst að ekki verður lengur gerð krafa um að saknæmisskilyrðið stórfellt gáleysi sé uppfyllt í tilviki slíkra brota. Markmiðið með breytingunni er að auka varnaðaráhrif ákvæðisins og að réttar upplýsingar um innflutning berist tolyfirvöldum. Með því aukast líkur á að rétt aðflutningsgjöld verði lögð á varning við innflutning.

Í umsögn Félags atvinnurekenda er goldinn varhugur við áformum um að herða refsíákvæði tollalaga. Leiðin til að tryggja að réttar upplýsingar berist sé ekki að herða refsingar, heldur að tolyfirvöld leggi sig betur fram um að veita réttar upplýsingar og ráðgjöf við framkvæmd tollalaga.

Í umsögn Júlíusar Georgssonar kemur fram að hann telur höfunda frumvarpsins ekki alls kostar fara með rétt mál í umfjöllun sinni um breytingartillöguna þar sem fjallað er um að reynsla tolyfirvalda hafi sýnt að nær ómögulegt sé að sýna fram á ásetning eða stórfellt gáleysi brotamanns vegna verknaðar sem fellur undir verknaðarlýsingu 172. gr. tollalaga. Þá telur hann það ekki alls kostar rétt sem sagt sé í umfjöllun um breytingartillöguna að afar fátítt sé að náðst hafi fram sakkelling í þeim málum þar sem ákæra hafi verið gefin út, a.m.k. sé horft til lengri tímabils. Leggur hann til að fallið verði frá breytingum á 172. gr. tollalaga en þess í stað gerð breyting á 33. gr. tollalaga sem leggi tiltekna skyldu á tollmiðlara. Þessu til viðbótar leggur hann til nýja viðbót við frumvarpið er snýr að því hvaða kröfur löglærðir fulltrúar tollstjóra skulu uppfylla samkvæmt tollalögum.

Ráðuneytið vill benda á að ákvæði frumvarpsins var unnið að fullu samráði við tollstjóra og undir þeim formerkjum að draga úr skattundanskotum og skattsvikum sem kostur er. Í því samhengi hefur embætti tollstjóra bent á mikla þörf á þessari breytingu við tollalögin. Í ljósi umræddrar umsagnar óskaði ráðuneytið eftir frekari viðbrögðum embættisins við tillögu frumvarpsins sem þegar hafa borist og er fyrri afstaða tollstjóra um nauðsyn þessarar breytingar staðfest óbreytt. Ráðuneytið telur engin efni standa til að bætt verði við nýju ákvæði við tollalögin, er varða menntunarkröfur löglærðra fulltrúa sem starfa hjá embætti tollstjóra.

7. Tillögur að lagabreytingum.

Ráðuneytið leggur til eftirfarandi breytingartillögur við frumvarpið:

A:

Lagt er til að 3. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Um tillöguna:

Lagt er til að 3. gr. frumvarpsins verði felld brott í heild sinni að svo stöddu, sbr. athugasemdir ráðuneytisins hér að framan.

B:

Á eftir 12. gr. frumvarpsins kemur ný grein, svohljóðandi:

13. gr.

Í stað „meðferðis við komu“ í 1. mgr. 162. gr. laganna kemur: við komu.

Gildistaka:

Ákvæði 13. gr. öðlast þegar gildi.

Um 13. gr.

Lögð er til leiðrétting á 1. mgr. 162. gr. tollalaga þar sem orðið „meðferðis“ er tvítekið í ákvæðinu.

Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Jafnframt leggur ráðuneytið til að bætt verði tveimur nýjum köflum við frumvarpið, sbr. eftirfarandi:

C:

Við frumvarpið bætist nýr kafli, svohljóðandi:

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016.

27. gr.

Í stað „þrjá“ í 5. másl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: tólf.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

- a. Á eftir „tólf mánuði“ kemur: á almanaksári.
- b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verði ávöxtun iðgjalda neikvæð á tímabilinu getur komið til skerðingar sem því nemur.

29. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sækja skal um úttekt á uppsöfnuðum iðgjöldum eigi síðar en sex mánuðum frá undirritun kaupsamnings. Sama gildir um ráðstöfun iðgjalda inn á lán.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um búseturéttarhafa sem nýtt hafa sér ákvæðin til kaupa á búseturétti.
- b. Á eftir „skal“ í 4. mgr. kemur: eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku laga þessara.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Á eftir „tólf mánuði“ í 1. másl. 2. mgr. a-liðar 1. tölul. kemur: á almanaksári.
- b. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað „30. júní 2017“ í 3. másl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVII í lögnum kemur: 30. júní 2019.

Gildistaka:

Ákvæði 27.-31. gr. öðlast gildi 1. júlí 2017.

Um 27.-31. gr.

Í ljós hefur komið að lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016, sem öðlast eiga gildi þann 1. júlí nk., þarfnast nauðsynlegra breytinga til að styrkja framkvæmd laganna.

Lagt er til að í stað þess að réttihafar þurfi að sækja um rétt að nýju ef rof á greiðslu iðgjalda hefur staðið í lengri tíma en þrjá mánuði verði við það miðað að rofið vari ekki lengur en í tólf mánuði. Með því er komið til móts við þá sem ekki hafa reglulegar launagreiðslur, s.s. sjómenn.

Þá er lagt til að með tólf mánuðum samkvæmt lögnum sé átt við almanaksárið hvort heldur um er að ræða nýja ráðstöfun eða áframhaldandi ráðstöfun samkvæmt eldra ákvæði. Einstaklingi sem t.d. sækir um úttekt séreignarsparnaðar í nóvember yrði þannig á umsóknarári heimilt að ráðstafa 2/12 hlutum af hámarksfjárhæð fyrir tólf mánaða tímabil, að teknu tilliti til annarra skilyrða þar um, og 10/12 hlutum síðasta almanaksárs hins samfellda tíu ára tímabils sem heimilt er að nýta sér stuðning til kaupa á fyrstu íbúð.

Lagt er til að við 1. mgr. 4. gr. laganna, sem fjallar um hámarksfjárhæð einstaklings til úttektar á séreignarsparnaði, verði bætt nýjum málslið. Þar sem greiðsla til handa réttihafa takmarkast við inneign réttihafa sem myndast hefur á hverju tímabili er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um það

að verði ávöxtun iðgjalda neikvæð á tímabilinu geti komið til skerðingar sem því nemur.

Þá er einnig lögð til sú breyting að sækja skuli um úttekt á uppsöfnuðum iðgjöldum og ráðstöfun iðgjalds inn á lán eigi síðar en sex mánuðum frá undirritun kaupsamnings. Þykir það hæfilegur tími til að ganga frá umsókn enda tilgangur laganna stuðningur í formi skattfrjáls séreignarsparnaðar til handa einstaklingum sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.

Í lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð er kveðið á um heimild til handa rétthafa sem þegar hefur nýtt rétt á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XVII í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og eftir atvikum ákvæði til bráðabirgða XVI sömu laga til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Í ákvæðinu er rétthafa heimiluð áframhaldandi nýting á viðbótariðgjaldi sínu til greiðslu inn á lán með veði í húsnæðinu sem hann aflaði sér á þeim grundvelli uns hinu tíu ára samfellda tímabili er náð. Það tímabil sem ráðstöfun rétthafa á viðbótariðgjöldum hefur varað kemur til frádráttar tíu ára samfelldu tímabili laganna. Rétthafi sem hyggst nýta sér áframhaldandi nýtingu á séreignarsparnaði sínum til ráðstöfunar vegna kaupa á fyrstu íbúð skal með umsókn sækja um heimildina til ríkisskattstjóra. Lagt er til að rétthafi skuli eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð sækja um þá áframhaldandi ráðstöfun séreignarsparnaðar enda getur ekki þótt eðlilegt að hafa engin tímamörk þar á.

Lagt er til að tímabil ráðstöfunar í tengslum við kaup á búseturétti samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XVII og eftir atvikum ákvæði til bráðabirgða XVI í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða komi til frádráttar samfelldu tíu ára tímabili laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum var við það miðað að heimildina mætti nýta til kaupa á búseturétti auk nýbyggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Samkvæmt lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð er ekki heimilt að nýta sér úrræðið til kaupa á búseturétti. Þeir sem hafa nýtt sér eldra úrræðið til kaupa á búseturétti geta þó ávallt nýtt sér heimild laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, að uppfylltum skilyrðum laganna, og mun þá sá tími sem þeir hafa nýtt áður koma til frádráttar samfelldu tíu ára tímabili enda geta þeir ekki átt rýmri rétt til nýtingar iðgjalda sinna en aðrir samkvæmt lögnum.

Að lokum er lögð til sú breyting að það skilyrði núgildandi ákvæðis til bráðabirgða XVII laga nr. 129/1997, að útgreiðsla viðbótariðgjalda geti aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemi inneign rétthafa vegna greiddra iðgjalda, verði framlengd um tvö ár til viðbótar eða fram til 30. júní 2019. Er það í samræmi við b-lið 2. tölul. 9. gr. laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð þar sem er að finna framlengingu á áðurnefndu bráðabirgðaákvæði um tvö ár til viðbótar eða fram til 30. júní 2019.

D:

Við frumvarpið bætist nýr kafli, svohljóðandi:

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðanna „1. júní 2017 vegna ársins 2016“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: 1. júní 2018 vegna ársins 2017.

Gildistaka:

Ákvæði 32. gr. öðlast þegar gildi.

Um 32. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða II í lögum um opinber fjármál er kveðið á um það að ársfjórðungsskýrsla um opinber fjármál skv. 12. gr. laganna skuli fyrst birt innan átta vikna frá lokum fyrsta ársfjórðungs 2017. Þá skuli birta ársskýrslu ráðherra skv. 62. gr. laganna eigi síðar en 1. júní 2017 vegna ársins 2016. Ákvæði 62. gr. laganna felur í sér að í ársskýrslu ráðherra skuli gerð grein fyrir niðurstöðum útgjalda innan málefnasviða og málaflokka og bera þau saman við heimildir fjárlaga. Þar sem fjárlög ársins byggja á eldri grunni liggja þessar upplýsingar ekki fyrir og því er lagt til að ársskýrsluna skuli birta eigi síðar en 1. júní 2018 vegna ársins 2017 í stað 1. júní 2017 vegna ársins 2016.